

# Lækningamáttur ljóðsins

HIN ÍSLENSKU bókmenntaverðlaun fyrir árið 2002 hlaut *Ingibjörg Haraldsdóttir* fyrir ljóðabók sína, *Hvar sem ég verð*. Í ávarpi hennar við verðlaunaafhenginguna kom fram sú skoðun skáldsins að ljóðið væri hvergi nærri dautt úr öllum æðum þrátt fyrir þrálátan orðróm þess efnis, það væri mannþætandi á alla lund og hefði ótvírætt uppeldisgildi. Óumdeilanlegastur væri þó lækningamáttur ljóðsins, gott dæmi um þetta væri sjálfur Egill Skallagrímsson og sá óbrotgjarni minnisvarði Sonatorrek. Talað er um að fólk skrifi sig eða yrki frá innri sársauka, og flestir þekkja líka af eigin raun hvað það yljur um hjartarætur að syngja saman eða að fara með eitthvað fallett einsog sagt var í minni sveit. Listmeðferðarfræðingar (art therapists) starfa í þessum anda inni á sjúkrahúsum og víðar með það að leiðarljósi að fá sjúkum og sorgmæddum bata með því að láta þá taka þátt í listsköpun af ýmsum toga; til dæmis myndlist, dansi, leiklist og ritun.

– En ljóðið, og máttur þess og megin gagnvart kvölum og plágum? Eina meinsemdin sem mig hefur hrjáð um dagana er svæsin tannrótarbólga á yngri árum: sokkin augu, bólgnir kjálkar, hræðilegar vítiskvalir. Mér vitraðist á vísindalegan hátt að sá sem a) gúffar í sig gotterí seint og snemma, b) ber ekki skynbragð á burstun tanna, c) stígur ekki fæti sínum inn fyrir dyr hjá tannlækni árum saman þrátt fyrir þrotlausa tannpínu – hann fær að lokum tannrótarbólgu! Þvermóðska mín leyfði ekki að ég borðaði magnyl og þrautalending móður minnar eftir talsverðan grát og gnístran var að kveða fyrir mig rímur. Mamma (f. 1920) skildi ekki baun í Andrésí önd, mér fundust þjóðsögurnar fúlar og þýddar dömubókmenntir kostuðu endalaus komment frá mömmu meðan á lestri stóð: „Núnú á maður svo að trúá því að hún verði skotin í þessu greifafílli.“ Og rímur reyndust hafa ótvíræðan lækningamátt: rímurnar eftir Örn Arnarson um Odd sterka á Skaganum voru bara einsog ópíum fyrir mig í tannrótarkrísunni, ég slefaði af velíðan: Meira, meira, þegar mamma sýndi merki þess að hún ætlaði ef til vill að snúa sér að öðrum verkefnum en að kveða rímur. Bótin fólst mest í rytma og

resónansi í stuðlum, höfuðstöfum og rími, þetta var sefjandi, kjálkinn féll niður, enginn vöðvi strekktur, og hin djúpa slökun ýtti sársaukanum burt. Mjög skrítið en afar áþreifanlegt. Þarna vann saman efni, form og flutningur, rímna-pakkinn af Oddi sterka var á við allt heimsins parkóðín, jafnvel forte, um það getur síðasta vísan í rímnaflokknum borið fagurt vitni:

*Kveðum hátt uns dagur dvín,  
dýran hátt við baugalín,  
Venus hátt í vestri skín,  
við skulum hátta elskan mín.*

Kvæðamenn geta ef til vill linað kvalir fólks án nokkurra aukaverkana eða vanabindingar, það er talsvert verkjastillandi að hlýða á kveðskap um Odd sterka og alveg áreiðanlega er öflugur lækningamáttur falinn í því að lesa ljóð Ingibjargar Haraldsdóttur.



*Kápa ljóðabókar Ingibjargar Haraldsdóttur, Hvar sem ég verð.*

## Vegsummerki

*Á miðjum veginum  
einsog bíll hafi stansað  
og einhver hafi hlaupið  
yfir skurðinn inn í skóginn  
einsog bíllinn hafi rokið af stað  
með rassaköstum  
skrensandi  
og skilið það eftir  
og nú liggur það hér  
í kyrrðinni sem lagðist  
yfir veginn skurðinn skóginn  
þegar bíllinn var farinn*

*þetta rauða hjarta  
á miðjum veginum  
og slær*

Úr ljóðabókinni *Hvar sem ég verð* eftir Ingibjörgu Haraldsdóttur.

Védís  
Skarphéðinsdóttir